



## RÍKISLÖGMAÐUR

Hverfisgötu 6 4. hæð 150 Reykjavík

sími: 545 8490 bréfasími: 562 9280

kennitala: 600186 1759

# Ársskýrsla embættis ríkislögmanns 2017

## Inngangur

Samkvæmt reglugerð um ársskýrslu ríkislögmanns sem forsætisráðuneytið gaf út þann 22. janúar 2008 skal embætti ríkislögmanns árlega senda ráðherra skýrslu þar sem gefið er yfirlit yfir megin þætti í starfsemi embættisins. Reglugerð þessi var sett með heimild í 4. gr. laga um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum.

## Starfsemi embættisins

Embætti ríkislögmanns starfar samkvæmt lögum um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986. Embætti ríkislögmanns er sjálfstæð stofnun og heyrir samkvæmt lögnum undir stjórnarráðið.

Verkefni embættisins eru þannig skilgreind í lögum: 1. Uppgjör bóta krafna sem beint er að ríkissjóði. 2. Lögfræðilegar álitagerðir samkvæmt ákvörðun ráðherra og aðstoð við vandasama samningsgerð. 3. Embættið fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

Hjá embætti ríkislögmanns störfuðu tíu manns í lok árs 2017. Auk ríkislögmanns voru 7 lögmennt í fullu starfi, einn skrifstofustjóri og ritari í hálfu starfi. Í nóvember og desember var ríkislögmaður í fæðingarorlofi og var Soffía Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður, settur ríkislögmaður meðan á því stóð.

Starfsmenn embættisins eru þessir:

Einar Karl Hallvarðsson, ríkislögmaður  
Soffía Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður,  
Eiríkur Áki Eggertsson, hæstaréttarlögmaður,  
Fanney Rós Þorsteinsdóttir, hæstaréttarlögmaður,  
Guðrún Sesselja Arnardóttir, hæstaréttarlögmaður,  
María Thejll, hæstaréttarlögmaður,  
Ólafur Helgi Árnason, hæstaréttarlögmaður,  
Óskar Thorarensen, hæstaréttarlögmaður,  
Stefanía Gissurardóttir, skrifstofustjóri,  
Ólafía Sigríður Guðjónsdóttir, ritari.

Á árinu 2017 var rekstrarframlag embættis ríkislögmanns 160.600.000,- krónur., en fjárlög gerðu ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 7.000.000,- krónur. Framlag úr ríkissjóði var því 153.600.000,- krónur. Rekstur embættisins á árinu 2017 var innan fjárheimilda ársins. Að öðru leyti er gerð grein fyrir rekstri og efnahag í ársreikningi.


Síðustu ár hefur málum fjölgað við embættið. Alla jafna eru til meðferðar á hverjum tíma um og yfir 200 dómsmál og bótakröfur sem skráðar voru á árinu voru um 253. Þá veitir embættið ráðuneytum lögfræðileg álit. Við upphaf árs 2017 fjölgaði lögmönnum við embættið en þá hafði embættið nýlega tekið yfir fyrrisvar fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Sú vinna er viðbót við starfsemi embættisins og sinna 2-3 lögmenn því ásamt öðrum verkefnum.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust ríkislögmanni á árinu 2017. Auk þess er yfirlit yfir óafgreidd mál hjá embættinu miðað við 31. desember 2016. Síðan er yfirlit yfir afgang mál á árinu 2017 og stöðu óafgreiddra mála þann 31. desember 2017.

	Óafgreitt 31.12.2016	Ný mál 2017	Afgreidd mál 2017	Óafgreitt 31.12.2017
Dómsmál	177	199	190	186
Bótakröfur	113	157	130	140
Erindi	2	12	12	2
Tryggingabætur	61	96	108	49
Ýmislegt		16	16	
<b>Samtals</b>	<b>353</b>	<b>480</b>	<b>456</b>	<b>377</b>

Samkvæmt framansögðu bárust embættinu 480 ný mál á árinu 2017. Fyrir voru samtals 353 óafgreidd mál í lok árs 2016. 456 málum var endanlega lokið á árinu 2017 og voru 377 mál óafgreidd í lok ársins. Af nýjum málum á árinu 2017 voru 199 dómsmál. Af þeim voru 144 rekin fyrir héraðsdómi, 49 fyrir Hæstarétti 3 fyrir Félagsdómi og 3 fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Bótakröfur voru 157, erindi/álitsgerðir 12, tryggingabótakröfur 96 og önnur mál 16. Á árinu 2017 voru afgang samtals 456 mál, eins og áður sagði. Þar af voru 190 dómsmál, 130 bótakröfur, 12 erindi/álitsgerðir, 108 tryggingabótakröfur og 16 önnur mál.

Reykjavík, 24. maí 2018



Einar Karl Hallvarðsson